

Ársfundur Guðfræðistofnunar 2011-2012

30. maí 2012

Skýrsla stjórnar

Inngangur

Síðasti ársfundur Guðfræðistofnunar var haldinn 2. mars 2011. Samkvæmt reglum Guðfræðistofnunar skal halda ársfund stofnunarinnar á fyrsta ársfjórðungi hvers árs. Þar sem formaður stjórnar var í rannsóknaleyfi á vormisseri náðist ekki að halda ársfund fyrir 2011-2012 á tilskildum tíma.

Stjórn Guðfræðistofnunar

Núverandi stjórn stofnunarinnar var kjörin á síðasta ársfundi. Stjórnina skipa: Arnfríður Guðmundsdóttir, sem er formaður, Hjalti Hugason, meðstjórnandi og varaformaður og María Ágústsdóttir sem er fulltrúi doktorsnema. Sigfinnur Þorleifsson er varamaður. Stjórnin er skipuð til þriggja ára.

Fjárhagsstaða

Við það að verða ein af grunnstofnunum Hugvísindastofnunar hefur fjárhagsstaða Guðfræðistofnunar batnað verulega. Stofnunin fær nú árlegt framlag frá Hugvísindastofnun, auk þess sem hún getur fengið framlag til einstakra verkefna úr Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar. Árið 2011 fékk Guðfræðistofnun 250 þús. kr., sem var helmingi lægri upphæð en aðrar stofnanir sem starfa innan vébanda Hugvísindastofnunar fengu. Í ljósi aukinnar starfsemi fékk Guðfræðistofnun 500 þús. kr. fyrir árið 2012 eins og aðrar stofnanir á sviðinu.

Málstofur

Eftirfarandi málstofur hafa verið haldnar á vegum Guðfræðistofnunar frá síðasta ársfundi:

15. ágúst flutti dr. Tomas Axelson, lektor í trúarbragðafræðum og fjölmiðlafræðum við Háskólann í Dalarna, fyrirlestur í stofu 229 í Aðalbyggingu. Heiti fyrirlestursins var: *Reel Spirituality or Real Spirituality?*

5. september flutti dr. Harald Askeland rektor við Diakoníháskólann í Osló fyrirlestur í stofu 229 í Aðalbyggingu, sem hann nefndi: *Value-based leadership in faith-based organizations.*

28. nóvember fluttu sr. Árni Svanur Daníelsson og sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir fyrirlestur í stofu 229 í Aðalbyggingu Háskóla Íslands um *vonina og merkingu hennar í samfélagi okkar.*

9. janúar flutti dr. Winston D. Persaud, prófessor við Wartburg Theological Seminary, Iowa, Bandaríkjunum, fyrirlestur í stofu 229 í Aðalbyggingu. Heiti

fyrirlestursins var: *A Theological Reading of Karl Marx in the 21st Century: Retrospect and Prospect.*

Þann 27. janúar hélt Halvor Nordhaug biskup í Bergen fyrirlestur í kapelli HÍ sem kallaðist: *Ríkiskirkjan, þjóðkirkja og mannréttindi – vandi?*

2. apríl flutti dr. Ásdís Emilsdóttir Petersen fyrirlestur í stofu 229 í Aðalbyggingu Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn bar yfirskriftina: *Menning í þjóðkirkjusöfnuðum og áhrif á starfsumhverfi.*

11. apríl flutti Faðir Carl Arico, einn af stofnendum og stjórnandi hreyfingarinnar *Contemplative Outreach*, fyrirlestur í stofu 229 í Aðalbyggingu HÍ. Yfirskrift fyrirlestursins var: *Hunger for spirituality in the modern world.*

Málþing

18. október 2011 var Guðfræðistofnun í samstarfi við Guðfræði og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands, Fagráð um meðferð kynferðisbrota innan Þjóðkirkjunnar og Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur sem stóðu fyrir málþingi þar sem Rev. Dr. Marie M. Fortune frá FaithTrust Institute í Bandaríkjunum var aðalfyrirlesari. Yfirskrift málþingsins var: *Kynferðisleg misnotkun á börnum í trúarlegu samhengi.*

Aðrir fyrirlesarar á málþinginu voru:

Dr. Berglind Guðmundsdóttir sálfræðingur

Brynhildur Flóvenz, lögfræðingur

Guðrún Ebba Ólafsdóttir, kennari

Dr. Sólveig Anna Bóasdóttir, guðfræðingur

Sr. Sigfinnur Þorleifsson, sjúkráhusprestur

20. janúar s.l. hélt Guðfræðistofnun ásamt Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar málþing í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Yfirskrift málþingsins var: *Trú og trúarbrögð á 21. öld.*

Aðalfyrirlesari var dr. Hjalti Hugason.

Viðbrögð við erindi Hjalta fluttu:

Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, stjórn málafræðingur

Dr. Kristín Vala Ragnarsdóttir, jarðfræðingur

Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, guðfræðingur

Ritröð Guðfræðistofnunar

Tvö hefti Ritraðarinnar komu út á árinu 2011: hefti nr. 32 í ritstjórn Sólveigar Önnu Bóasdóttur og hefti nr. 33 í ritstjórn Gunnlaugs A. Jónssonar.

Ritstjórn Ritraðarinnar skipa núna: Gunnlaugur A. Jónsson (ritstjóri), Pétur Pétursson og Sólveig Anna Bóasdóttir.

Styrkur til útgáfu Ritraðarinnar frá Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar árin 2011 og 2012 nemur alls 600 þús. kr., eða 150 þús. kr. fyrir hvert hefti.

Rannsóknaverkefnið 2017.is

Haustið 2011 gekkst stjórn Guðfræðistofnunar fyrir því að koma á stofn þverfræðilegu rannsóknaverkefni í tilefni þess að árið 2017 verða liðin 500 ár frá því að Marteinn Lúther hóf siðbót innan miðaldakirkjunnar. Sent var út kynningarbréf og í lok október var einstaklingum sem lýst höfðu áhuga boðið til hugmynda- og skipulagsfundar. 6. desember var svo boðið til „hugmyndaþings“ og formlegs stofnfundar. Eftir stofnfundinn bauð Guðfræðistofnun þátttakendum upp á léttar veitingar.

Heiti verkefnisins:

Siðaskipti í sögu og samtíð. — Þverfaglegt rannsóknaverkefni um áhrif siðaskiptanna á kirkju, samfélag og menningu í 500 ár.

Vinnuheiti: 2017.is.

Viðfangsefni verkefnisins:

Þverfaglegar rannsóknir á lúthersku siðaskiptunum og áhrifum þeirra á sviði kirkju, samfélags og menningar í víðum skilningi. Verkefnið skal bæði hafa sögulega vídd og samtímalega skírskotun. Verkefnið skal rúma viðangsefni sem lúta bæði að innlendum og erlendum málum.

Stýrihópur heldur utan um verkefnið og ber ábyrgð á að skipuleggja almenna starfsemi og atburði á vegum verkefnisins og að vera fulltrúum Guðfræðistofnunar til ráðuneytis við strykjaumsóknir og fjármögnun. Í stýrihópnum sitja: Arnfríður Guðmundsdóttir (formaður), Hjalti Hugason (framkvæmdastjóri), Erla Hulda Halldórsdóttir, Auður Styrkársoóttir og Sveinn Yngvi Egilsson.

Hugvísindaping

Guðfræðistofnun átti aðild að Hugvísindapingi sem haldið var í tvennu lagi árið 2011, 11. og 25. mars, í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands. Þá var Hugvísindaping haldið 9. og 10. mars s.l. Að venju voru starfsmenn Guðfræðistofnunar virkir þátttakendur í Hugvísindapingi.

Símenntunarnámskeið

23. apríl 2012 stóð Guðfræðistofnun fyrir *fræðadegi* fyrir presta og djákna í samvinnu við Prestafélag Íslands í Neskirkju. Fyrirlesarar á fræðadeginum voru starfsmenn Guðfræðistofnunar.

Starfssjóður Guðfræðistofnunar

Sjá yfirlit.

Alþjóðlegt samstarf

Starfsmenn Guðfræðistofnunar hafa verið virkir í norrænum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

Reykjavík, 29. maí 2012

Arnfríður Guðmundsdóttir, formaður stjórnar

Hjalti Hugason, meðstjórnandi

María Ágústsdóttir, fulltrúi doktorsnema